

AUGLÝSING

um deiliskipulag Nunnuklaustursins á Kirkjubæ, Skaftárhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir Nunnuklaustrið á Kirkjubæ, Kirkjubæjarklaustri.

Deiliskipulagssvæðið er samtals um 2 ha. Svæðið afmarkast af Skriðuvöllum, Klausturvegi, dvalarheimilinu Klausturhólum og Túngötu. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að útbúa áningarstað með fræðslu um nunnuklaustrið á Kirkjubæjarklaustri, bæta umhverfi og aðstöðu fyrir gesti kapellunnar og ferðamenn, tryggja aðgengi fyrir alla á skipulagssvæðinu og auka virðingu fyrir menningarminum á staðnum.

Samþykkt í sveitarstjórn Skaftárhrepps 13. ágúst 2012.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Kirkjubæjarklaustri, 27. september 2012.

Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 11. október 2012